

## REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness nr. 147 4. mars 1975.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttorúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttorúmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttorúmlest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttorúmlestum greiði kr. 0.90 á brúttorúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttorúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttorúmlest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarkakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttorúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttorúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttorúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttorúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

- 1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
- 2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
- 3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
- 4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
- 5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingi nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftir-breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 651 17. nóvember 1982.

*Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.*

F. h. r.

**Ólafur S. Valdimarsson.**

*Halldór S. Kristjánson.*